



Háahvarf 2-4

Fyrirspurn um breytingu deiliskipulags Vatsendahvarfs

19.11.2025

Fyrirspurn um breytingu deiliskipulags

Óskað er eftir því að fá að breyta deiliskipulagi fyrir lóðina Háahvarf 2-4 á þann veg að hámarksfjöldi íbúða verði fjölgað úr 25 í 30 eða um 5 íbúðir. Byggingarreitir, hæðir og byggingarmagn helst óbreytt. Bílastæðaviðmið haldast óbreytt.

Tilgangur þessara óskar er að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum, þar sem mikil eftirspurn er eftir minni og hagkvæmari íbúðagerðum inn á markaðinn fyrir fólk á verðum sem fólk ræður við.

Nú þegar hefur MótX hafið byggingu á 40 íbúðum við Roðahvarf 17-21 og Roðahvarf 34-36. Þar er meðal birt stærð íbúða 112,3m² og íbúðadreifing á þennan veg; 2. herb. 10%, 3. herb. 43%, 4. herb, 45% og 5. herb. 3%.

MótX hefur einnig látið vinna frumdrög að hönnun íbúða við Hallahvarf 25-33 þar sem meðal birt stærð íbúða endar í 111,8m² og íbúðadreifing á þennan veg; 2. herb. 12%, 3. herb. 30%, 4. herb, 57% .

Fyrstu drög að íbúðum í Háahvarfi 2-4 gefa til kynna að meðal birt stærð þar verði kringum 110m² og stærstur hlut íbúðanna í stærra lagi.

Áhyggjur MótX snúa fyrst og fremst að því að íbúðir séu of stórar og íbúðaframboð verði of einhæft á svæðinu. Óskar lóðarhafi því eftir að fjölga íbúðum við Háahvarf 2-4 til að auka fjölbreytni, tryggja blöndun íbúa og bregðast við vöntun á minni og hagkvæmari íbúðum á svæðinu.





















